



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 2.bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Fjöldi kennslustunda á viku: 5 tímar

Kennarar: Andrea Marie, Arna Lind , Brynhildur Olga og Guðbjörg (Bogga)

Markmið: Megintilgangur náms og kennslu í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni og skilning til að nota stærðfræði sem verkfæri í fjölbreyttum og margs konar tilgangi og við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að þróa með sér hæfni til að setja fram lausnir og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausn viðfangsefna og leggja mat á niðurstöður (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2024).

Kennsluaðferðir: Innlögn frá kennara, einstaklingsvinna, hópavinna, námsleikir, umræður og fleira.

Námsgögn: Sproti 2A og Sproti 2B og æfingahefti. Evolyts og fleiri öpp.

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur	3.-10.bekkur		
<i>Ekki gefið A</i>	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
<i>Ekki gefið D</i>	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar



Hörðuvallaskóli

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
Ágúst - september	Tölur 0 - 20 Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20	Að nemendi geti -nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum,	Kaflapróf
Október.	Tölfræði Lengdarmælingar	Að nemandi geti -safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og túlkað á einfaldan hátt. Að nemandi geti -talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja,	Kaflapróf
Nóvember - desember	Tölur upp í 100 Samlagning og frádráttur	Að nemandi geti -notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna, Að nemandi geti -notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.	Kaflapróf
Janúar - febrúar	Tími Samhverfa Tvöfalt meira og helmingi minna, sléttar tölur og oddatölur	Að nemandi geti -lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífuklukku og stafræna klukku og lesið tímatöflur. Að nemandi geti -speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum, Að nemandi geti -reiknað með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum, Að nemandi geti -kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs,	Kaflapróf Miðvetrarkönnun



Hörðuvallaskóli

Mars - apríl	Reikningur með tölum upp í 100 Flatarmál vantar hæfniviðmið Reikningur	Að nemandi geti -nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum,	Kaflapróf
Mai - Júní	Marghyrningar og hringir Rúmfræðiform	Að nemandi geti -notað hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu, Að nemandi geti -rannsakað, gert tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn,	Kaflapróf Vorkönnun